

Fundur 15.2.2021 Jafet Moahed.

Komið þið sælir,

Já, blessuð eða blessaður og velkominn

Gleður það okkur að koma á sambandi við ykkar stöð og jarðhnött að nýju.

Og verðum við að byrja á því að tengja ykkur ljóssúlunni og eru það margir hér í kvöld og sem eru saman komnir.

Erum við ekki vön að tengjast svo stórum hópi hjálpenda en ætlum við að reyna að halda áfram með erindi okkar.

Og byggja á tengslum þeim sem fyrir eru.

Og vitum við að unnt er að bæta fyrir misgjörðir þær sem unnar hafa verið og er það fyrir öllu að tengjast réttum tegundum og aðilum og njóta leiðsagnar.

Við höfum fylgst með okkar afkvæmum vaxa og dafna.

Og höfum við notið þess að endurnýjast af lífmagni þeirra sem ekki voru komnir eins langt og við á tæknisviðinu og öðrum sviðum.

Og var tegund okkar mjög þurfi þess að endurnýjast og fylgjumst við nú með þeim á öðrum hnöttum.

Vaxa og dafna og finnst okkur að þar sé margt komið, sem til var stefnt fyrir langa löngu.

Og teljum við það mikilvægt að hjálpa ykkur að ná tökum á vandamálum ykkar hnattar svo að framþróun geti orðið með sem bestum hætti.

Þar sem okkur er það ljóst að það sem gerist hjá ykkur, mun hafa áhrif á framtíðina.

Rétt eins og örlög annarra hnatta hafa skipt máli fyrir framþróun annars staðar.

Og er það fyrir mestu að halda helstefnuöflum í skefjum.

Og þiggja hjálp lífstefnuafla og vinna þannig saman að hinu mikla markmiði.

Endurnýjunar efnisheimsins og andaheimsins og leiðréttingar á öllum þeim misgjörðum sem unnar eru og eyðileggingar sem verður í efnisheiminum.

En segja má það með sanni, að ekki má búast við of miklum árangri þar sem samstilling lífsins er ekki komin á hærra stig en hjá helstefnu mannkynjum og frumlífs mannkynjum.

Finnst okkur það mjög jákvætt að margir á ykkur jörð, eru móttækilegir fyrir því sem nefna mætti andleg kennsla.

Og eru Kínverjar og austurlanda menn þar í fararbroddi eins og verið hefur lengi.

Erum við aðeins ein fjölmargra tegunda sem erum með þessa sömu fræðslu.

En munum við reyna að halda áfram þar sem frá var horfið og koma að andlegri fræðslu jafnt sem efniskenntri.

Við reyndum að segja ykkur frá sjúkdómi þeim sem fram er kominn á ykkar jörð og er hann með réttu nú orðinn að ýmsum afbrigðum þess sjúkdóms.

En það viljum við segja, að lítil ástæða er fyrir ykkur að hræðast þessi veikindi miðað við margt sem helstefnu mannkynin hafa útbúið og viljað koma fram.

Það myndu verða mun hættulegri veiki ef fram kæmu.

Hefur það ekki orðið enn þá en hægt er að gleðjast yfir því að tækni framfarir mannkynsins eru orðnar stór skrefar og margfalt meiri en þær voru fyrr á öldum.

Og má treysta því að hvað sem á dynur, muni læknavísindin eiga betur með að ráða við þau veikindi, og er það vel.

Við erum gömul tegund og við vitum það að tækniþróun frumlífs mannkynja fer á tvo vegu, það er á helstefnubraut og lífstefnubraut.

Og hætt er við því að ef ykkar mannkyn fer út á þá braut, að skipta um líkamshluta með vélahlutum.

Getur orðið úr því helstefnu þróun eins og orðið hefur víða.

En þar sem miðað er að því að láta andlega hæfileika og kærleika lækna og samstillast, þar er lífstefnubraut.

En við höfum um það fjallað, að skyldmenn okkar hafa haft samskipti við jarðarbúa og hafa forráða menn ykkar hnattar þegið af þeim tæknibúnað.

En fá í staðinn, hætt er við því að sú tegund geti fengið völd í staðinn á ykkar hnetti.

Nú koma þeir tíma hjá ykkur, þegar uppljóstranir eru að verða auðveldari á þessu sviði.

Og teljum við að þetta ár og næstu geti orðið fróðleg í þessu sambandi á ykkar jörð.

Þar sem upplýsingar um þetta munu koma fram í dagsljósið.

Og er því mikið upplýsinga stríð hafið eins og þið gerið ykkur grein fyrir.

Og mun mannkyn ykkar taka stórstígum framförum hvernig sem það fer.

En vonandi að jafnvægi komist á, eftir margt af því sem tekið hefur á.

Og hefur líforku margra þjóða hnignað vegna innbyrðis deilna og þyrfti þar að koma aukin kærleikur og sameining.

Við höfum reynt að styðja reglur þær sem meina aðkomu sumra tegunda að frumlífsmannkynjum og veit ég að þið skiljið hvað við er átt.

Get ég ekki talað mikið lengur að sinni.

En ég ætla að reyna að stilla ykkur til sambanda við þá sem betur geta frætt ykkur um þessi Covid veikindi.

Heiti ég Jafet Moahed.

Takk fyrir að koma. Velkominn aftur.

Þakka ég fyrir og verið þið sælir.

Vertu blessaður og sæll.